

4. gr.

Orkumálastjóri er formaður Tækninefndar. Hann kallar saman fundi hennar, undirbýr þá og stjórnar þeim.

5. gr.

Tækninefndin heldur fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Formaður kallar nefndina saman til funda endranær, er þörf krefur að hans dómi, eða þrír eða fleiri nefndarmanna óska þess.

6. gr.

Fundir Tækninefndar skulu boðaðir með dagskrá minnst viku fyrir fund, ef unnt er, en annars með eins löngum fyrirvara og kostur er.

7. gr.

Um fundi Tækninefndar skal haldin gjörðabók. Orkustofnun leggur nefndinni til fundaritara. Fundagerðir undirritast af fundarmönnum.

8. gr.

Til að starfa að einstökum málum milli nefndarfunda, um lengri eða skemmri tíma, getur Tækninefnd skipað sérnefndir úr sínum hópi, er starfa sem undirnefndir Tækninefndar, og leggja skýrslu um störf sín fyrir hana. Til að annast daglega framkvæmdastjórn á slíku sérnefndastarfi skal, um leið og sérnefnd er skipuð, fenginn hæfur maður, eigi um of öðrum störfum hlaðinn. Nefnist hann ritari sérnefndarinnar. Ritari þarf ekki að eiga sæti í sérnefndinni.

9. gr.

Tækninefnd er heimilt að leita ráðuneytis manna utan nefndarinnar um einstök mál, svo og að leita aðstoðar utanmanna við störf að einstökum verkefnum.

10. gr.

Allar fjárhagslegar skuldbindingar svo sem rannsóknarkostnaður o. fl., sem stofnað er til á vegum nefndarinnar og ekki eru greiddar af öðrum aðilum, skulu háðar samþykki ráðherra.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 58 29. apríl 1967 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 21. marz 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veðifélag Skaftártungumanna.

1. gr.

Félagið heitir Veðifélag Skaftártungumanna. Heimili þess og varnarþing er hjá sýslumanni Skaftfellingsa.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem tilkall eiga til Skaftártunguafréttar, en þær eru: Hrífunes, Flaga I, Flaga II, Hemra, Gröf, Borgarfell, Snæbýli I, Snæbýli II, Ljótarstaðir, Búland, Hvammur, Svinadalur, Múli, Austurhlíð, Hlíð, Úthlíð, Ytri-Ásar og Ásar.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði til félagsmanna og annarra.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Allar tekjur félagsins renni í einn sjóð. Sjóðurinn skal vera í umsjá formanns félagsins. Sjóðnum skal varið til þeirra verkefna innan hreppsins, sem félagsmenn telja nauðsynleg á hverjum tíma, (t. d. byggingar og viðhalds sæluhúsa á afréttinum og fleiru). Til ráðstöfunar sjóðsins, þarf samþykki $\frac{2}{3}$ hluta fundarmanna. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

10. gr.

Arðskrárákvæði. Öll lögbýli í Skaftártungu hafa jafnan rétt til veiði í þeim vötnum, sem áður nefnt veiðifélag nær til. Fær því hvert lögbýli sama einingafjölda í arð, þ. e. arðhlutur verður jafn hjá öllum þeim býlum, sem aðild eiga að félaginu.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. marz 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.